



Ljósmynd: Samtök íþróttamanna/Mummi Lú

Ómar Ingi Magnússon íþróttamaður ársins

Selfyssingurinn og handbolta-
maðurinn Ómar Ingi Magnússon hlaut titilinn íþróttamaður ársins 2021, en kjörið fór fram miðvikudaginn 29. desember.

Ómar Ingi spilar með Magdeburg í Þýskalandi og varð markakóngur þýsku deildarinnar, með næst flestar stóðsendingar og var valinn í lið ársins. Ómar hefur einnig verið

einn af bestu leikmönnum liðs á þeirri leiktíð sem nú er í gangi. Magdeburg er sem stendur á toppi þýsku deildarinnar og hefur aðeins tapað einum leik á tímabilinu. Einnig vann Ómar Evrópuvæðinguna í handbolta og heimsmeistaramót félagsliða með Magdeburg.

„Ég er gríðarlega stoltur af þeim árangri sem ég náði og er

mjög ánægður með þetta. Þetta er ólýsanlegt, það er í fyrsta lagi heiður að fá að vera í topp tíu með öllu þessu íþróttafólki og að vinna er alveg ótrúlegt. Ég er líka búinn að horfa á kjörið síðan ég var lítill og sjá margt af mínu uppáhalds íþróttafólki vinna þetta, þannig að ég er mjög stoltur,“ sagði Ómar þegar hann tók við titlinum. -brv

Yfir 50 útköll hjá Brunavörnum Árnassýslu

Brunavarnir Árnassýslu voru á fullum snúning um áramótin en sinnu þær yfir 50 útköllum tengdum gróðueldum á gamlárskvöldi og nýársnótt. Fyrir um kvöldið höfðu íbúar í Árnassýslu fengið SMS frá slökkvistjórn um að sýna aðgát þegar skotið væri upp flugeldum þar sem gróður á svæðinu væri mjög þurr.

„Rétt fyrir kl. 18 á gamlárskvöld byrjuðu útköllin, sem voru hér og þar um sýsluna þannig að mannskapurinn okkar var á fleygi ferð. Við sjáum þetta róast aðeins á meðan skaupið er í gangi, síðan strax eftir skaupið fer allt á fullt aftur,“ segir Lárus Kristinn Guðmundsson, settur varaslökkviliðsstjóri, en liðsmenn BÁ voru að sinna útköllum alveg til kl. 3-4 um nóttina. „Við höfum ekki séð þennan fjölda útkalla áður, þó maður hefur oft séð mörg útköll í einu,“ segir Lárus.

Sinældarnir í Tjarnabyggðinni í Árborg var stærsta útkallið, en á mörgum stöðum

stóð það tæpt á að eldar færu í húsnæði eða önnur mannvirki. „Mikið af þessum litlu eldum sem voru að kvikna voru rétt við hús, t.d. í Þorlákshöfn og upp á Skeiðum. Síðan mikið um brennur sem voru ekki með leyfi, en þá voru að fjúka frá þeim eldglæður sem náðu að kveikja í sinu,“ segir Lárus.

Útköllin héldu áfram á nýju ári
Á Nýársdagsmorgun fengu BÁ útkall þar sem gróðureldar voru uppá Hamrinum fyrir ofan Hveragerði, en að öðru leiti var nýársdagur tiltölulega rólegur. Annan janúar voru þrjú útköll vegna gróðurelda, ásamt einu umferðarslysi.

Fengu oft góða hjálp
Lárus nefnir að það hafi verið margt fólk sem aðstoðaði við slökkvistörf og slökkti marga elda sem við fréttum af eftir. Á útskallsstöðunum var fólk oft mætt út með garðslöngur, slökkvitæki og skóflur til að hjálpa við slökkvistörf. -brv



Stærsti sinubruninn var í Tjarnabyggðinni í Árborg. Ljósmynd: Sverrir Örn Hlökkversson.

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Sigrúnar Hlökkversdóttir, Bíldsfelli III,

Sérstakar þakkar til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Landspítalans og Krabbameinsfélags Árnassýslu.

Árni Þorvaldsson
 Ása Valdís Árnadóttir Ingólfur Örn Jónsson
 Hlökkver Þór Árnason Deborah Casalis
 Sævar Andri Árnason Hafdís Inga Ingvarsdóttir
 Ingþór Birkir Árnason Lorena Seifritz
 og barnabörn.



Elskaður eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,


Kjartan Helgason, garðyrkjubóndi, Hvammi, Hrunamannahreppi

andaðist 1. janúar 2022. Útförin fer fram frá Hrunakirkju laugardaginn 8. janúar kl. 14. Í ljósi aðstæðna eru gestir beðnir að tilkynna komu sína í síma 864 9984 eða með tölvupósti helgikjartansson@gmail.com. Streymt verður frá athöfninni á www.facebooksíðu.com/hrunaprestakall

Björg Björnsdóttir
 Kristjana Kjartansdóttir
 Bryndís Kjartansdóttir
 Helgi Kjartansson Erna Óðinsdóttir
 Björn Kjartansson Agnieszka Szwaia
 og barnabörn.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun október-nóvember 2018.

Nú árið er liðið í aldanna skaut...

Gunna Stella

Árið 1886 orti séra Valdimar Briem sálminn „Nú árið er liðið“. Þessi sálmur er fluttur ár hvert þegar árið kveður og nýtt tekur við. Þessi sálmur hreyfir við tilfinningum og minningum.

Í fyrsta hluta sálmsins segir:

*Nú árið er liðið í aldanna skaut
 og aldrei það kemur til baka,
 nú gengin er sérhver þess gleði og þraut*

Það er satt og rétt að hvert ár ber með sér gleði og þraut. Árin eru misjöfn og geta reynt á okkur hvert og eitt á misjafnan hátt. Fyrir marga var árið 2021 erfiðasta ár sem þeir hafa upplifað. Fyrir enn aðra var þetta ár sem var sambland af gleði og sorg. Fyrir enn aðra var þetta besta ár sem þeir hafa upplifað. Fyrir mig persónu-

lega var þetta ár samblanda af góðu og erfiðu ári.

Í nóvember ákvað ég að að skrifa eitt þakklæti á dag á blað sem ég útbjó og hengdi á ísskápinn minn. Nóvembermánuður var einn erfiðasti mánuður ársins fyrir mig persónulega og því var afar gott að vita af þessu blaði á ísskápnum í hvert skipti sem ég gekk inn í eldhús. Að kvöldi eða snemma að morgni bætti ég einu atriði á listann minn. Smám saman fylltist listinn. Aðstæður, fólk, upplifanir sem ég var þakklát fyrir voru skráð á listann. Þegar ég las yfir listann í lok mánaðar þá fylltist hjarta mitt gleði. Mitt í aðstæðunum. Mitt í erfiðasta mánuði ársins gat ég munað eftir 30 mismunandi hlutum sem ég var þakklát fyrir. Mér fannst þetta svo gott að ég ákvað að endurtaka leikinn í desember. Í lok mánaðar þegar ég lauk við þann lista og las yfir hann

mundi ég eftir aðstæðunum sem ég hafði verið þakklát fyrir. Ég fann hvernig hjartað tók auka slag og gleðin jókst. Þakklæti hefur áhrif og getur verið afar gott „hjarta- og sál-ar meðal“ í erfiðleikum. Þetta er ekki spurning um að afneita neinu heldur að muna að á eftir vetri kemur alltaf vor og svo sumar. Það er því upplagt að ljúka með þessum orðum úr sálmi Valdimars.

*Nú Guði sé lof fyrir gleðilegt ár
 og góðar og frjósamar tíðir,
 og Guði sé lof, því að græddu urðu sár,
 og Guði sé lof, því að döggur urðu tár.
 Allt breyttist í blessun um síðir.*

Megi árið 2022 vera þér blessunarrikt og gott og megir þú finna fyrir þakklæti í hjarta hvern dag.

Kærleikskveðja,
 Gunna Stella

Til að panta tíma í fyrirlestur, heilsu markþjálfun eða ráðgjöf, kíktu þá á www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf

Jóladýrgripirnir í gluggum FSu

Jólamyndirnar í Fjölbrotaskóla Suðurlands setja mikinn svip á húsnæðið og umhverfi þess. Þetta er viðvarandi hefð frá þeim tíma þegar sómamaðurinn Árni Sverrir Erlingsson húsa-smíðameistari kenndi við Fjölbrot en Árni var upphafsmaður, hugmyndasmiður og aðalhvatamaður þessa verkefnis.

Að sögn Elísabetar H. Harðardóttur núverandi myndlistarkennara vildi Árni fá JÓL í skólann eins í gluggum grunn-skólanna. Stigagangarnir fengu króka til að halda uppi myndunum og eins var útbúið haganleg geymsla í myndlistarhorninu þar sem myndirnar voru geymdar milli ára.

„Ég kenndi nokkra myndlistaráfanga og að beiðni Árna lagði ég verkefnið fyrir nemendur mína. Það tengdist viðfangsefnum áfanganna á einhvern hátt og hafði líka tengingu við jólin eða var algjörlega abstrakt. Grunnurinn í myndunum er svart karton sem myndar líka ramma og gefur styrkinn. Svo eru klippt út form og þau fá þessa ljósu liti með gegnsæjum silkippappír eða kreppappír.“

Ennfremur segir Elísabet að „flestar myndirnar eru merktar höfundum og komi þar fyrir ártölin 1998 og 1999. Það hefur líklega tekið fjórar annir að fylla í alla stigaganga.“

Hefð er fyrir því að á síðustu

kennsludögum fyrir jól fær einhver myndlistarhópurinn þann heiður að hengja myndirnar upp. Þá ganga nemendur um skólann með löng prik og þessa dýrgripir sem eru orðnir algjörir forngripir og sýna kúnstir sínar og lagni í að koma keðjunni á myndunum á krókana. Aðeins þrisvar hefur það komið fyrir að nemendur fengu ekki að hengja upp jólamyndirnar.

„Einu sinni var ég of sein“ segir Elísabet „og hef líklega verið veik síðustu viku fyrir jól. Þá fékk ég í lið með mér tvo hávaxna kennara þá Glugga-Ægi

og Jóna-Helga til að hengja upp. Svo leysti hún Ágústa samkennari minn mig af þegar ég var í námsorlofi og þekkti þá ekki þessa hefð. Kennararnir kvörtuðu hástöfum yfir því hversu sein hún væri á sér en hún gerði það að lokum, ein og sjálf.“

Þessa önnina fengu nemendur ekki þennan heiður vegna þess að þeir voru á síðustu stundu með verkefnaskil. Svo að við myndlistarkennarnir skemmtum okkur við að hengja þær upp.

-ehh/jöz



PYLSA

& Coke í dós

HOT DOG & A CAN
OF COCA COLA

499 kr.



GRILLUÐ SAMLOKA mÁL TÍÐ

GRILLED SANDWICH
MEAL

1.299 kr.



*Gos úr vél frá CCEP fylgir með
Tilboð gilda út janúar 2022

N1 Hvolsvöllur



Nestí

Hermann Örn Kristjánsson ráðinn skólastjóri Sunnulækjarskóla

Hermann Örn Kristjánsson hefur verið ráðinn í starf skólastjóra Sunnulækjarskóla frá og með 1. apríl 2022. Alls bárust fimm umsóknir um starfið.

Hermann Örn hefur starfað við Sunnulækjarskóla síðan 2011 sem kennari og deildarstjóri. Nú síðast sem deildarstjóri Sérdeildar Suðurlands, Seturs, frá 2019. Á árunum 1999 - 2011 hefur hann m.a. verið kennari í Ölduselsskóla,

sérfræðingur og fyrirtækjaráðgjafi hjá Vodafone og netsérfræðingur hjá Íslandssíma.

Hermann Örn lauk meistara-gráðu í MBA frá Háskólanum í Reykjavík árið 2020 og er með B.Ed. gráðu í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands. Hann hefur einnig sótt nám í grafískri teikningu í Sketchup frá Tækniskólanum í Reykjavík og kerfisfræði frá Tölvu og verkfræðipjónustunni í Reykjavík.



Endurskoðun og uppgjör á Selfossi

KPMG er alþjóðlegt fyrirtæki sem býður upp á frábær tækifæri til starfsþróunar og fræðslu, samkeppnishæf laun og hlunnindi og sveigjanlegt vinnuumhverfi. Hjá KPMG starfa rúmlega 270 einstaklingar á 16 skrifstofum um land allt með fjölbreytta menntun og reynslu sem þjónusta viðskiptavini í einka- og opinbera geiranum af öllum stærðum og gerðum.

Við leitum nú að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum með viðskiptamenntun sem vilja vinna við reikningsskil og endurskoðun ársreikninga fyrir viðskiptavini KPMG. Leitað er að fólki til að starfa á Selfossi. Starfsfólk okkar þarf almennt að geta tekið frumkvæði og verið sjálfstætt í vinnubrögðum, vera lausnamiðað, sem og að eiga auðvelt með samskipti við samstarfsfólk og viðskiptavini.

Hæfniskröfur

- Viðskiptamenntun æskileg
- Reynsla af endurskoðun, bókhaldi og reikningsskilum er kostur
- Góð tölvufærni
- Enskukunnátta
- Frumkvæði, vandvirkni og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni í samstarfi og rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 9. janúar 2022.

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á heimasíðu KPMG.

Nánari upplýsingar veitir Erik Christianson mannauðsstjóri á echristianson@kpmg.is.



Heklaðir sokkar



Nýtt ár er gengið í garð og við í Hannyrðabúðinni þökkum innilega viðskiptin í gegnum árin og hlökkum til endurfunda.

Janúar er oft kaldur og þá er fátt betra en að eiga góða sokka. Í dag leikum við okkur með nýtt garn frá Permin sem er alveg í takt við nýja tíma. Það heitir Dagmar og er endurninn ull með sokkastyrkingu. Garnið er lungamjúkt og fæst í nokkrum fallegum litum. Uppskriftin er í þremur stærðum sem henta fótastærðum 38-40-42 en auðvelt er að fækka eða fjölga lykkjum eftir hentugleika.

Efni:

2-2-3 dk Dagmar, heklunál nr 4, 2 prjónamerki.

Skammstafanir: 1l-loftlykkja, fl-fastalykkja, kl-keðjulykkja.

Þegar lykkjum er fækkað eru 2 lykkjur heklaðar saman þannig að bandið er fyrst dregið í gegnum fyrri lykkjuna, svo seinni lykkjuna og loks er garnið dregið í gegnum báðar lykkjurnar í einu.

Uppskrift:

Heklið 44-48-52 ll og tengið í hring með kl. Heklið svo eina fl í hverja fl, alls 4 umferðir. Þá er byrjað á mynsturbekk þannig að heklað er framan í 2 fl, aftan í næstu 2 fl, og endurtakið til skiptis þannig út umferðina. Heklið þannig 18-20-22 umferðir.

Í næstu umferð fækkum við um alls 4 l með því að hekla 4 * 2 l saman jafnt yfir um-

ferðina. Heklið áfram fl í hring en farið nú í gegnum báða hluta fl fyrri umferðar, alls 18-20-22 umferðir.

Setjið nú prjónamerki við upphaf umferðar og byrjið að hekla hælappann. Heklið 20-22-24 fl, snúið við (athugið að hekla 1 ll þegar snúið er við) og heklið til baka 1 fl í hverja fl alls 16-18-20 umf.

Nú er mótað fyrir hæl með því að hekla 14-16-18 fl 2 fl saman, snúið stykkinu við, heklið 9-9-11 fl, 2 fl saman, snúið við, heklið 9-9-11 fl, 2 fl saman (athugið að hér og héðan í frá eru síðasta fl af flípanum og næsta lykkja á hælappanum heklaðar saman). Haldið þannig áfram þar til búið er að hekla í allar lykkjur á hælappanum og þá eru alls 10-10-12 l á þessum hluta stykkisins.

Nú er aftur farið að hekla í hring, athugið að umferðin telst nú hefjast undir miðjum hælnum. Heklið meðfram hælappanum 1 fl í hverja umferð, setjið prjónamerki við samskeyti hælappa og sokks báðum megin, þá eiga að vera 20-22-24 l á ristinni á milli prjónamerkja.

Í næstu umferð er byrjað að taka saman þannig að þegar 3 l eru að fyrri prjónamerki eru 2 l heklaðar saman og þegar 1 l er frá seinna prjónamerki eru 2 l heklaðar saman. Haldið þannig áfram í hverri umferð þar til 20-22-24 l eru milli prjónamerkja hælmeigin, en áfram eru 20-22-24 á ristinni.

Heklið nú áfram í hring þar til alls eru komnar 37-40-43 umferðir frá hælappa.

Setjið þá prjónamerki, eitt eftir 10-11-12 l, annað 20-22-24 l seinna. Nú er farið að móta fyrir ták, til að byrja með í annarri hverri umferð þannig: heklið þar til 3 l eru að merkinu, heklið þá 2 fl saman, 2 fl, 2 fl saman, gerið eins við næsta merki.

Þegar 12-14-16 l eru á milli merkja eru úrtökurnar gerðar í hverri umferð þar til 8 l eru í umferð. Klippið þá garnið frá og dragið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru og herðið að.

Heklið annan sokk eins.

Gangið frá endum, skolið í mildu sápuvatni.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555 1314



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfossi, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Ármann Dalmanntson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Fjórum sinnum í mánuði ég fer og kem til þín. Ég flyt þér myndir, greinar, kvæði og fleira. Einkum þó í Skagafirði er árviss koma mín. Á undan páskum læt ég til mín heyra.



Svar við gátu í blaði 2630: **MYND**

1. Skríðamynd - 2. Hugmynd - 3. Ljósmynd - 4. Kvikmynd

Annáll bæjarstjóra Hveragerðis 2021

Einhvern veginn datt manni ekki til hugar að annað árið í röð yrði undirlagt umræðu um smitgát, sóttkví, einangrun og heilbrigðiskerfið. En þetta ár var samt betra en árið á undan! Lífið einkenndist af gleði, sól og sumri, ekki síst fyrir norðan og austan. Hitatölur og sólarstundir sem hefðu sómt sér vel mun sunnar í álfunni sáust ekki bara dag eftir dag heldur viku eftir viku. En hér í Hveragerði rigndi duglega. Það er gott fyrir gróðurinn segja hinir jákvæðu, við hin vonumst eftir sumri og sólríkum dögum á næsta ári. Við eigum það svo sannarlega inni!

Íbúum fjölgar sem aldrei fyrr Hér í Hveragerði fjölgar íbúum stöðugt. Nú er það ekki spurning hvort heldur frekar hvernær íbúatalan nær 3.000. Fjölgað hefur um 190 manns á árinu og er það fáheyrð fjölgun í þéttbýli á Íslandi eða um 7%. Á næstu miss-erum mun svo enn fjölga í hópi bæjarbúa því á annað hundrað íbúða eru nú í byggingu og fjöldi annarra eru á teikniborðinu. Það hefur lengi loðað við umræðuna að Hvergerðingum sé þröngt sniðinn stakkur hvað lóðamál varðar og því geti ekki fjölgað hér nema takmarkað. Það er því gott að vita til þess að mjög stór svæði hér innan bæjarmarkanna eru enn óbyggð og því getum við

stolt vitað af því að margfalda má bæjarfélagið sé vilji til þess.

Fjölbreytni í atvinnulífinu Á árinu fylgdumst við spennit með uppbyggingu Gróðurhússins við Breiðumörk. Það hefur nú opnað og óskum við þeim fjölmörgu rekstraaðilum sem þar eru með rekstur velfarnaðar í framtíðinni. Það sama gerum við varðandi alla hina sem veðjað hafa á Hveragerði hvað atvinnuuppbyggingin varðar en á árinu hefur lóðum verið úthlutað fyrir fyrirtæki sem samtals gætu verið með vel ríflega 100 manns í vinnu. Nú hefur myndast nýr rúntur í bæjarfélaginu en það er gaman að renna upp í Dal og fylgjast með lífinu sem fylgir nýja staðnum sem þar er kominn. Hafin er gjaldtaka á bílastæðinu við Árhólma og eftir brösuga byrjun gengur innheimta þar núna ljómandi vel og er sérlega gaman að sjá ríkan greiðsluvilja gesta sem um svæðið fara.

Tölvuvæðing grunnskólans Viðbyggingu við grunnskólann miðaði vel á árinu og við upphaf skólstarfs í haust var hægt að hefja kennslu í sex nýjum kennslustofum sem með fallegum hætti tengjast við Lystigarðinn Fossflöt. Í grunnskólanum er nú einnig verið að tölvu- væða skólann í samræmi við

tillögu frá starfshópi. Er það vilji bæjarstjórnar að skólinn verði eins góður og mögulegt er hvað aðbúnað og kennsluhætti varðar. Fjölgun íbúa fylgja nýjar áskoranir og því hafa nú verið teknar í notkun nýjar lausar kennslustofur við Leikskólann Óskaland þar sem tvær deildir elstu barna munu hafa aðsetur. Það gefur möguleika á að taka nú inn allra yngstu börnin í bænnum. Einnig er áformað að byggja við Óskaland á næsta ári til að bæta aðstöðuna þar enn frekar.

Búningsklefar í sundlauginni endurnýjaðir Framkvæmdum við endurnýjun búningsklefa í Sundlauginni Laugaskarði er enn ekki lokið og hefur sú framkvæmd reynst nákvæmlega eins erfið og við mátti búast. Ýmislegt hefur komið upp sem skýrir það enda er húsið komið af léttasta skeiði og alls konar hlutir sem þurfti að bregðast við komu upp við endurbæturnar. Aftur á móti þykja búningsklefarnir vel lukkaðir og fallegir sem er ánægjulegt.

Íþróttir fyrir alla Heilsuefning eldri borgara í Hamarshöll nýtur mikilla vinsælda en þar bíður bæjarfélagið þessum dýrmæta hópi upp á þjálfun með afar góðum kennara, allt gjaldfrjálst.

Meistaraflokkur karla í blaki náði einstökum árangri á árinu en strákarnir unnu alla titla ársins og alla leiki sem þeir spiluðu. Urðu þar með deildar-, bikar-, og Íslandsmeistarar í blaki. Ekkert lát er á árangri liðsins en enn eru þeir ósigraðir í öllum leikjum sem þeir hafa spilað á þessari leiktíð. Margir aðrir hafa staðið sig vel á árinu sem var að líða og fylgjumst við áhugasöm með árangri okkar fólks hvort sem það er hér innanlands eða utan.

Sá markverði atburður átti sér stað á árinu að þrautseigur formaður Körfuknattleiksdeildar Hamars lét af störfum eftir 29 ára starf. Vafasamt að nokkur nái að slá það met. Er rétt af því tilefni að þakka og fagna öllum þeim fjölmörgu sem gefa af dýrmætum tíma sínum til sjálfbóðinna starfa af ýmsum toga. Slíkt verður seint fullþakkað.

Lystigarðurinn nýtur vinsælda Vinir Lystigarðsins er hópur fólks sem vinnur hörðum höndum að því að koma Lystigarðinum Fossflöt í það horf að hann standi undir nafni. Er það ómetanlegt að eiga slíkan hóp að. Ekki síður er ánægjulegt að eiga hóp eins og þann sem smíðaði risastólinn góða sem nú prýðir Lystigarðinn og vakið hefur ómælda athygli. Nýtt svið er síðan komið upp í Lystigarðinum og er vonandi



að það geti nýst fyrir alls konar uppákomur í framtíðinni svona þegar aftur má koma saman.

Framundan er betri tíð Hátíðir ársins voru hófstílltar og sumar allavega með minnsta móti en við getum látið okkur hlakka til betri tíðar með fjölbreyttum og skemmtilegum samverustundum. Munum nefnilega að maður er manns gaman og því er mikilvægt að við tökum virkan þátt í samfélaginu. Mætum, gleðjumst og njótum saman. Þannig verður lífið svo miklu skemmtilegra.

Um leið og ég þakka ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á liðnum árum óska ég ykkur öllum farsældar á komandi ári.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis

Ferðir 2022 - Ferðafélag Árnesinga

Heimasíða: www.ffer.is Fésbók: Ferðafélag Árnesinga
Netfang: ffarnesinga@gmail.com Sími: 848 8148

Brottför frá Fjölbrautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/ fésbók þegar nær dregur og nánari upplýsingar um ferð. Allar ferðir geta tekið breytingum. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram t.d. rútuferðir.



Inghóll 2 skór
8. janúar. Hefðbundin fyrsta ganga ársins á Ingólfsfjall. Vegalengd 9 km með 500 m hækkun.

Strandarkirkja – Þorlákshöfn 2 skór
29. janúar. Vegalengd 20 km engin hækkun.

Þingvellir 2 skór
12. febrúar. Verður leikið eftir veðri og að- stæðum.

Strandganga 2 skór
26. febrúar. Hvassar- hraun – Hafnafjörður. Vegalengd 18 km.

Búrfell Grímsnesi 2 skór
12. mars. Hringur um 7 km með 450 m hækkun.

Ólafsskarðsleið 2 skór
26. mars. Gömul þjóð- leið. 20 km með 290 m hækkun.

Þríhnúkar 2 skór
9. apríl. Hringur leikin eftir aðastæðum.

Vífilsfell frá Bláfjallavegi 2 skór
14. apríl. Vegalengd 9 km með 550 m hækkun.

Síðasti vetrardagur – Ingólfsfjall 2 skór
20. apríl. Farin óhefð- bundin leið á fjallið. Nánar í viðburði þegar þar að kemur.

Kattatjarnaleið 2 skór
7. maí. Vegalengd 18 km með 500m hækkun.

Skessuhorn 3 skór
21. maí. Vegalengd 7 km með 900 m hækkun.

Leggjabryótur 3 skór
4. júní. Gömul og vel kunn þjóðleið. Gengið á misgóðu göngulandi. Vegalengd 20 km með 460 m hækkun.

Esjan 3 skór
18. júní. Hringur 15 km með 1100 m hækkun.

Dýrafjörður helgarferð 3 skór
30. júní – 4. júlí. Nánar auglýst síðar.

Helgafell við Hafnafjörð 2 skór
9. júlí. Hringur á og í nágrenni Helgafells.

Þakgil 3 skór
23. júlí. Ferðin leikin af fingrum fram þegar þar að kemur.

Hafnarfjall 3 skór
6. ágúst. Hringurinn um 7 km með 750 m hækkun.

Rauðnefsstaðarfjall Rangárþingi 2 skór
20. ágúst. Hringur 20 km með 700 m hækkun.

Búrfell Þjórsárdal 2 skór
3. september. Hringur frá göngubrú yfir Þjórsa 15 km með 650 m hækkun.

Landmannalaugar 2 skór
24. – 25. september. Helgarferð. Gengið um Þórsmörkina báða dagana.

Kóningsvegur Mosfellsheiði 2 skór
8. október. Vega- lengd 21 km með lítilli hækkun.

Esjan Smáþúfur 2 skór
22. október. Vega- lengd 7 km með 500 m hækkun.

Prestastígur Reykjanesi 2 skór
12. nóvember. Vega- lengd 16 km mjög lítil hækkun.

Hlíðarkista Gnúpverjahrepp 2 skór
26. nóvember. Vega- lengd 9 km með 300 m hækkun.

Hellisskógur jörlakakó 7. des. Hefðbundin fjölskylduganga í skóginum og kakó í hellinum.

ATH. Ferðafélag Árnesinga tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð. Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða og slysatryggingu.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erft með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



**Gleðilegt nýtt ár og
þakkið fyrir liðið**

Ekki verður farið af stað
með viðburði á vegum
félagsins (FEBSEL) fyrr en
létt verður á sóttvarnartak-
mörkunum, en nógildandi
takmarkanir gilda til
12. janúar.

Fylgist vel með á heimasíðu
félagsins og Facebook.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**Krani
&
tæki**

**Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa**

**Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar**

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Messa kl. 11. Þemað er nýja árið
og þrettándinn. Virðum sótt-
varnir miðað við 50 manna tak-
mörk. Organisti Jón Bjarnason.
Sr. Kristján Björnsson.

Að byrja í björgunarsveit

Ég var lengi búin að hugsa
um hversu skemmtilegt það
væri að byrja í björgunarsveit en
fann mér alltaf góðar afsakanir
fyrir því að kýla ekki á það. Ekki
rétt tímasetning, of ung börn,
krefjandi starf, stórt heimili, of
gömul, ásamt helling af öðrum
afsökunum.

Haustið 2019 ákvað ég að
loksins að rétti tíminn væri
komin þegar ég mætti á nýliða-
kynningu hjá Flugbjörgunar-
sveitinni í Reykjavík þar sem ég
var búsett í bænum á þeim tíma.
Þar tók við ótrúlega skemmti-
legur vetur með fullt af nám-
skeiðum og ferðahelgum, allt
þar til að þið vitið hvað skall á
í mars 2020 og allt starf lagðist
niður tímabundið.

Ég flutti í Hveragerði haust-
ið 2020 og sótti strax um að fá
að ganga í Hjálparveit skáta
Hveragerði, HSSH. Þar lauk ég
minni þjálfun og fékk inngöngu
í sveitina. Til þess að komast
á útkallsskrá hjá björgunar-
sveitum þarf að klára ákveðin
grunnnámskeið sem kallast í
heild sinni Björgunarmaður 1.
Þar á meðal eru námskeið eins
og fyrsta hjálp, fjallamennska,
rötun, ferðamennska og fleira,
allt sem er nauðsynlegt til að
vera útkallshæfur í okkar starfi.
Það sem mér hefur fundist svo
frábært við starfið hjá HSSH
er hversu fjölbreyttur hópur er
innan sveitarinnar þar sem hver
ræður sínum hraða, menntun og



Mynd: Facebook-síða HSSH.

sérhæfingu. Þegar ég hugsaði
um fólk í björgunarsveitum hélt
ég alltaf að það væri nauðsynlegt
að allir væru svakalegar fjalla-
geitur, en það er einmitt málið
að allir geta fundið sér stað og
verkefni við hæfi þar sem starfið
er svo gríðarlega fjölbreytt. Ég
hef ekki verið lengi í björgunar-
sveit en það má segja að ég hafi
öðlast mikla reynslu á skömm-
um tíma og þá sér í lagi í þeim
útköllum og vöktum sem við
höfum staðið í Geldingadölum á
gosstöðvunum.

Í dag er ég að þjálfa leitar-
hundinn Kiru í bæði snjóflóða-
og víðavangsléit, ég starfa með
undanförum á svæði 3, er gjald-
keri og nýliðapjálfi þessa
starfsárs ásamt því að halda utan
um mánudags æfingarnar okkar.
Þær æfingar sem við erum með
hafa ákveðið þema í hverjum

mánuði sem við æfum saman
og í lok mánaðar er svo útkall-
sæfing þar sem látið er reyna
á þemað í raunverulegum að-
stæðum. Einnig höfum við verið
að fara í allskonar æfingaferðir
upp á jökla og norður í land, það
er því ekki bara vinna og púl
að vera í björgunarsveit heldur
mjög gefandi og skemmtilegt í
góðum hóp.

Ég er ótrúlega þakklát sjálfri
mér að hafa tekið þessa ákvörð-
un og kynnst fullt af frábæru
fólki, bætt þekkingu mína og
verið til staðar þegar aðrir þurfa
á því að halda. Ef þú hefur áhuga
á að starfa með okkur þá skaltu
ekki hika við að hafa samband
við okkur og kíkja í heimsókn.

Arna Diljá,
gjaldkeri Hjálparveit
skáta í Hveragerði

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálan - Rúðuskipti

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Áttund

20% afsláttur
af gjafakortum

Ný námskeið
byrja 10. og 12. jan.
og 3. feb.

Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í þröttáfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Mynd: Blaksamband Íslands.

Ragnar Ingi Axelsson
blakmaður ársins

Ragnar Ingi Axelsson, liðs-
maður Hamars, er blakmaður
ársins 2021 og ber nafnbótina
í fyrsta skipti. Ragnar gekk í
fyrsta til liðs við nýliða Hamars
í Úrvalsdeild karla og spilaði
lykillhlutverk í liðinu, vann alla
þrjá stóru titlana sem í boði voru
á tímabilinu en Hamar varð
deildar-, Íslands- og bikarmeistari
í vor. Ragnar var valinn í lið
ársins í uppgjöri Úrvalsdeildar
að keppnistímabilinu loknu.

Ragnar Ingi leikur í stöðu
frelsingja og hefur verið einn

besti varnarmaður Úrvalsdeild-
arinnar á liðnum árum. Hann
er með bestu tölfræðina í sinni
stöðu það sem af er þessu tíma-
bili og var á dögnum valinn í
úrvalslíð Úrvalsdeildarinnar
eftir fyrri hluta tímabilsins.
Ragnar og lið hans Hamar, hafa
ekki enn tapað leik á árinu 2021
og eru ósigrðir í 32 keppnis-
leikjum í röð.

Ragnar Ingi er leikmaður
A landsliðsins og á að baki 15
leiki og hefur einnig leikið með
öllum yngri landsliðum Íslands.

Samræmd móttaka flóttafólks í Árborg

Sveitarfélagið Árborg er eitt af fimm sveitarfélögum á Íslandi, auk Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjanesbæjar og Reykjavíkurborgar sem gerði vorið 2021 samning við félagsmálaráðuneytið og tekur þátt í samræmdri móttöku flóttafólks sem rekin er af ríkinu. Þetta þýðir að flóttafólk, sem hefur fengið alþjóðlega vernd hér á landi, hvort sem það hefur komið hingað á eigin vegum eða í boði stjórnvalda, fær samræmda þjónustu. Þetta er tilraunaverkefni til eins árs. Þannig hafa 17 þátttakendur í verkefninu flust til sveitarfélagsins Árborgar frá Sýrlandi og Afganistan á árinu 2021. Þetta er mjög fjölbreytur hópur, bæði einstaklingar sem og fjölskyldur og á öllum aldri.

Umsjón með verkefninu á landsvísi er í höndum Fjölmenningsseturs. Félagsþjónusta sveitarfélaganna sér um að tryggja samfellda og fjölbreytta þjónustu við flóttafólk sem býr í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélagið útvegar húsnæði til leigu og grunnhúsbúnað samkvæmt lista frá félagsmálaráðuneytinu. Málstjóri, starfsmaður félagsþjónustu er tengiliður

milli allra þjónustuaðila og samhæfingaraðili þjónustunnar sem felst í auknum stuðningi og ráðgjöf. Málstjórinn sér um að skrá börn í skóla og frístundir, tengja einstaklinga við heilbrigðisstofnanir og aðstoða þá við gerð umsókna, opnun banka- reikninga og skráningar í helstu kerfi. Þjónustan felur í sér líka gerð einstaklingsáætlaða og tilvísana til Vinnumálastofnunnar. Vinnumálastofnun skipuleggur íslenskukennslu og samfélagsfræðslu auk aðstoðar við atvinnuleit og aðra virkni, svo sem nám, atvinnu með stuðningi og starfsþjálfun. Rauði krossinn parar flóttafólk við sjálfbóðaliða sem veita sálrænan stuðning og aðstoð við að leysa úr hagnýtum málum sem koma upp í íslenskum veruleika.

Fjölmargir aðilar hafa tekið þátt í að tryggja flóttafólki farsæla móttöku og aðlögun í sveitarfélaginu Árborg. Ber hér að nefna samstarfsaðila á svæðinu - Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Rauða krossinn í Árnessýslu og Vinnumálastofnun Suðurlandi en haldnar hafa verið reglulegir undirbúnings- og stöðufundir. Eitt barn byrjaði á leikskóla sl. haust. Starfsfólk og nemendur

í Vallaskóla og Sunnulækja-skóla hafa nýlega tekið á móti samtals sex börnum og fjölskyldum þeirra. Að auki hóf einn einstaklingur á framhaldsskólaaldri nám í Fjölbrotaskóla Suðurlands á vorönn 2021 og annar einstaklingur er að byrja í skólanum í janúar 2022. Fræðslunetið og Vinnumálastofnun Suðurlandi sáu um að skipuleggja rafræna samfélagsfræðslu frá Mími-símenntun. Fræðslunetið bauð einnig upp á íslenskukennslu fyrir fullorðna og stefnt er á áframhaldandi íslenskunámskeið.

Bæði fyrirtæki og íbúar í sveitarfélaginu hafa tekið vel á móti einstaklingunum sem falla undir verkefnið. Nytjamarkaður útvegaði fataávisanir fyrir hópinn en var einnig sveitarfélaginu til taks þegar við leituðum að húsgögnum og öðrum nauðsynjum fyrir hópinn. A4 gaf börnum á skólaaldri skólatöskur og sundlaugin á Selfossi gaf þeim sem vildu sundkort. Starfsmenn banka, apóteka, verslana, flutningsþjónustu og Árborgarstrætós sem og nágrannar buðu flóttafólkið velkomna og voru reiðubúnir til að aðstoða. Fjölmargir einstaklingar í Árborg og

víðar vildu gefa húsgögn, föt og annað og stundum reyndist erfitt að annast öll símtöl og skilaboð en við erum afar þakklát fyrir allan sýndan áhuga og velvilja.

Verkefninu er þó hvergi lokið. Nokkrir einstaklingar úr hópnum eru nú að hefja atvinnuleit með aðstoð Vinnumálastofnunnar og vonandi finna þeir vinnu við hæfi á svæðinu. Allir eru líka að læra íslensku,

hvort sem það er í skóla eða á námskeiði og við vonum að þeir fái sem flest tækifæri til að æfa sig á vettvangi. En mest af öllu, vonum við að þeir fái rými hér í Árborg til að blómstra og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Fyrir hönd sveitarfélagsins Árborgar,
Anna Katarzyna Wozniczka



Frá afhendingu skólataska frá A4 á Selfossi - Ásta, Sakineh, Leila, Mohsen og Ásdís Ýr

Elsti íbúinn er 97 ára og árgangur 1989 fjölmennastur


Guðjón Pálsson er elsti íbúi Hveragerðisbæjar en hann varð 97 ára þann 3. október 2021. Íbúar Hveragerðisbæjar sem komnir eru á tíræðisaldur eru 19 alls.

Guðjón Pálsson fluttist til Hveragerðis árið 1941 og hóf þá störf að Reykjum jafnframt því að halda gangandi rafstöðinni sem þá var í Varmá en rústir hennar má enn sjá í Varmárgili. Hann lærði rafvirkjun og starfaði sem rafvirki alla sína starfsævi, lengstum hér í Hveragerði. Hann er í dag búsettur á Ási hjúkrunarheimili.

Flestir fæddir árið 1989

Árgangur fæddur 1989 er enn sem áður langfjölmennastur í bæjarfélaginu en þau eru nú 66 búandi í Hveragerði.

Mikið þarf að fjölga í öðrum árgöngum til að velta 1989 úr sessi en næst fjölmennasti árgangur bæjarins sprettir nú úr spori en þau sem fædd eru árið 2019 eru í dag 51 búsett í bæjarfélaginu. Hinn góði árgangur sem fæddur er 1964 hefur til margra ára verið næstfjölmennastur í bænum en nú bregður svo við að árgangar 1953 og 1956 eru báðir orðnir jafnfjölmennir honum en í hverjum þessara þriggja árganga búa núna 49 manns hér í Hveragerði. Íbúar sem fæddir eru 1994 eru 48 og þau sem fædd eru árið 1950 eru 47.



Eins og sjá má á þessu línurit hefur íbúum í Hveragerði fjölgað mjög mikið frá árinu 2000 og ekkert bendir til annars en að sú þróun muni halda áfram.

Árið 2021 eru þegar fædd 36 börn sem öll munu fá gjöf frá bæjarfélaginu sínu á næstu dögum. Þau sem fædd eru árið 2019 skipa sér nú þegar í flokk fjölmennustu árganga eins og áður hefur komið fram. Þar er á ferðinni óvanalega fjölmennur árgangur þegar tekið er tillit til þess að enginn annar árgangur yngstu íbúanna nær því að vera fleiri en 40.

Mikil fjölgun framundan

Samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá þann 30. desember 2021 eru íbúar í Hveragerði nú 2.984 en voru 2.781 fyrir 12 mánuðum. Er þetta aukning um 203 íbúa eða um 7,2% á milli ára sem er mesta fjölgun í sveitarfélagi á Íslandi á árinu og mikil aukning frá fyrra

ári en þá fjölgaði um 3% á milli ára sem þó var þá fjölgun lang umfram þá fjölgun sem almennt varð í sveitarfélögum landsins það árið.

Frá árinu 2000 hefur fjölgað um 68,7% eða um 1.216 manns sem er fjölgun langt yfir landsmeðaltali. Núna eru ríflega 200 íbúðir í byggingu eða í farvatninu og má því búast við áframhaldandi fjölgun í Hveragerði á næstu árum.

Með þessari stuttu færslu um íbúapróun óska ég ykkur öllum farsældar á komandi ári um leið og ég þakka ánægjulegt samstarf og góðar samverustundir á árinu sem er að líða.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis.



Samþykkt tillaga að deiliskipulagi á Velli 1, Rangárþingi eystra

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 26. ágúst 2021 tillögu að deiliskipulagi á Velli 1, Rangárþingi eystra. Tillagan tekur til ca 22 ha svæðis jarðarinnar þar sem gert er ráð fyrir 21 lóð undir frístundahús. Tillagan var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir, verið send umsögn sveitarstjórnar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt skipulagið. Frekari upplýsingar um málið gefur skipulagsfulltrúi Rangárþings eystra. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hjallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Hreiðrið - Nýtt frumkvöðlasetur í Fjölheimum

Háskólafélag Suðurlands og Sveitarfélagið Árborg hafa gert með sér samning um að starfrækja frumkvöðlasetur sem fengið hefur nafnið Hreiðrið og verður staðsett í Fjölheimum á Selfossi.

Hreiðrinu er ætlað að efla þekkingu og vitund frumkvöðla á Suðurlandi á sviði nýsköpunar, vöruþróunar og markaðsmála svo að til verði vel skilgreind og mótuð verkefni meðal þeirra til frekari fjármögnunar, m.a. hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands og öðrum sjóðum. Þar með má gera ráð fyrir betri umsóknum til Uppbyggingarsjóðs og frá Suðurlandi í aðra samkeppnis-sjóði. Markmiðið er að til verði nýjar vörur og/eða þjónusta hjá frumkvöðlum á Suðurlandi.

Hreiðrinu verður stýrt og það rekið af Háskólafélaginu en samstarf um handleiðslu við frumkvöðla verður við ráðgjafa á vegum Samtaka sunnlenskra



sveitarfélaga/SASS, FabLab Selfoss og Atorku auk annarra úr sunnlensku samfélagi, sem áhuga hafa á þátttöku í verkefninu.

Liður í verkefninu er leiðarþjálfun fyrir frumkvöðlaráðgjafa en Háskólafélagið fékk styrk úr Lóu nýsköpunarsjóði landbyggðarinnar til þess að standa fyrir vinnustofum í leið-

arþjálfun fyrir ráðgjafa sem koma að handleiðslu við frumkvöðla. Fyrsta vinnustofan var haldin 7. desember sl. og er það í höndum Svövu Bjarkar Ólafsdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu RATA að leiða vinnustofurnar.

Gert er ráð fyrir að bjóða fyrstu frumkvöðlana velkomna í Hreiðrið strax á nýju ári.



Pórir Hergeirsson kjörinn þjálfari ársins

Þórir Hergeirsson Selfyssingurinn og þjálfari norska kvennalandsliðsins í handbolta var kjörinn þjálfari ársins 2021, en kjörið fór fram miðvikudaginn 29. desember. Þórir Hergeirsson, sem hefur þrisvar sinnum orðið annar í kjörinu, vann nú nafnbótina í fyrsta sinn.

Þórir gerði norska liðið að heimsmeistarum á HM núna í desember 2021, varð Evrópu-meistari með liðinu í desember árið 2020 og sótti bronsverð-

laun á Ólympíuleikunum í Tokyo í sumar.

„Þetta er mjög stórt fyrir einn sem er mjög stoltur af því að vera Íslendingur. Þetta er stór hópur fólks sem kemur að þessu, fyrst og fremst leikmenn sem er sterkir, mjög góðir og miklar íþróttakonur. Það er mikið teymi sem ég vinn með og mikið af duglegu fólki, fólk sem er betri en ég á mörgum sviðum. Það er hægt að tileinka þessa [nafnbót] teymisvinnunni,“ sagði Þórir í athöfninni.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?**

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSÍ - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbií
Siggafærdiz
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

**BRAC AF
VINÁTTU!**
Fæst hjá
BYKO Selfossi

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Rétting
og málun**
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is